

**Aðalfundur Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurrepps
miðvikudaginn 26. maí 1999 kl. 20:00 að Hótel Esju.**

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar
3. Stjórnarkjör
4. Kjör tveggja endurskoðenda og tveggja til vara
5. Ákvörðun um árgjald
6. Önnur mál

Fundur hófst kl. 20.40 þar sem pantaður salur reyndist of lítill og finna þurfti stærri sal þar sem fundinn sóttu 60 félagsmenn.

Formaður setti fundinn og fól Hans Hilaríussyni að stýra fundi og Matthildi Guðmundsdóttur að skrá það sem fram færi.

1. Skýrsla formanns Þorvarðs Jónssonar

Fundir:

Haldnir hafa verið 5 stjórnarfundir, 3 fundir í Hornstrandanefnd, 1 fundur með félagsmönnum á Ísafirði, 1 fundur með stjórn Djúpbátsins, 1 fundur með sýslumanninum á Ísafirði og 2 fundir með fulltrúum frá bæjarstjórn Ísafjarðar ásamt fulltrúa frá Náttúruvernd ríkisins. Sýslumaðurinn á Ísafirði sat fyrri fundinn með bæjarstjórninni, samtals hefur stjórn LSG setið 13 fundi. Að auki sótti stjórnin málþing um Hornstrandir sem haldið var á Ísafirði dagana 16. - 17. apríl 1999. Formaður Þorvarður Jónsson og Sölvi R. Sólbergsson meðstjórnandi fluttu erindi á málþinginu. Erindi Þorvarðar nefndist Hornstrandir og félag landeigenda og fjallaði um stofnun félagsins og samvinnu við Náttúruverndarráð og síðar Náttúruvernd ríkisins. Erindi Sölva hét Afnot heimafólks af svæðinu norðan Djúps og fjallaði um fjölda húsa á svæðinu og aðstæður hús- og landeigenda til að njóta eigna sinna. Fyrsti fundur Hornstrandanefndar var 08.01.1998 og fjallaði um skýrslu landvarðar frá 1996 - 1997 þar sem m.a. var sagt frá hreinsunarstarfi ísfirskra unglunga á Hornströndum. Annar fundur Hornstrandanefndar var 11. 02. 1998 þar var fjallað um ósk bæjarstjórnar Ísafjarðar varðandi breytingar á skipan manna í Hornstrandanefnd. Kristján Geirsson lagði fram lista yfir 13 friðlýst svæði þar sem ákvæði um samstarfsnefndir eru í friðlýsingarskilmálum. Hornstrandanefnd sker sig í engu úr hvað samsetningu nefndanna áhrærir. Ekki hefur enn verið gengið frá hve margir fulltrúar verða frá sveitarfélagi. Náttúruvernd og landeigendum. Þriðji fundurinn var 15. 02. 1999 og var kynnt skýrsla landvarðar frá 1998 og landvarsla fyrirverandi vitavarðar á austurhluta friðlandsins í sumar. Einnig var kynnt og túlkuð ný byggingareglugerð. Fundargerðir frá fundunum með bæjarstjórninni, sýslumanninum og stjórn Djúpbátsins eru

skráðar frammar í þessari bók og vísast til efni þeirra þar. Væntanleg er skýrsla um málþingið en til er í sérriti dagskrá og útdráttur úr erindunum, svo efni málþingsins verður ekki skráð hér.

Lög og reglugerðir:

Þorvarður vakti athygli á nýjum lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 sem taka eiga gildi 01.07. 1999. Þar kemur fram að

- umhverfissráðherra fer með yfirstjórn náttúruverndarráðs.
- Bls. 2, gr. 3.6 er skilgreining á náttúruverndarsvæði.
- Náttúruvernd ríkisins er ríkisstofnun undir yfirstjórn umhverfissráðherra. Forstjóri er skipaður til 5 ára í senn. Núverandi forstjóri er Árni Bragason sem tók við af Aðalheiði Jóhannsdóttur.

Guðríður Þorvarðardóttir er formaður Hornstrandanefndar, en hún tók við af Kristjáni Geirssyni.

- Ný skipulagsreglugerð nr. 400/1998 frá 29.06.1998 nær til alls landsins og skiptist í svæðisskipulag fyrir tvö eða fleiri sveitarfélög, Aðalskipulag sveitarfélags og Deiliskipulag fyrir afmörkuð svæði eða reiti í aðalskipulagi. Sveitarstjórn ber ábyrgð á gerð aðalskipulags sem tekur til alls lands innan sveitarfélagsins. Umhverfissráðherra staðfestir aðalskipulag sem skal vera til 12 ára minnst.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á og annast gerð deiliskipulags. Skipulagsstjóri ríkisins er yfirmaður Skipulagsstofnunar, sem heyrir undir umhverfissráðherra.

- Ný byggingareglugerð er nr. 441/1998 frá 09.07. 1998. Samkvæmt gr. 3.7. hefur Náttúruvernd ríkisins neitunarvald fyrir byggingar í friðlýsta svæðinu á Hornströndum að áliti Hrafns Hallgrímssonar ráðuneytisstjóra í umhverfissráðuneytinu.

Friðun refs í friðlandinu hefur verið til umfjöllunar og hefur Hornstrandanefnd stutt friðun, þar sem fram fara rannsóknir á refnum og í tengslum við þær er skoðað fuglalíf. Alitamál er um áhrif refsins og útbreiðslu.

Skýrsla formanns var samþykkt.

Umræður um Hornstrandanefnd og skipulagsmál.

Hvatt var til þess að reka skyldi kröftuglega á eftir bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar varðandi skipulagsmál.

Magnús Reynir sagði að landeigendum lægi á að fá svör um hvort þeir mættu reisa hús á landi sínu. Rætt var um hve allt væri þröngt varðandi byggingar. Spurt var um Fagranesið, hvort það gengi í sumar. Þórunn Vernharðsdóttir taldi smábáta vanhæfa til að sigla norður fyrir björgin með farþega, og það þyrfti meira eftirlit með þeim. Hún sagði líka að merktar leiðir yfir vatnið í Fljótavík væru ekki réttar.

Rætt var um eignaskráningu og bent á að nauðsynlegt væri að fá álit lögfróðs manns um hvernig best yrði staðið að því að allar eignir verði skráðar á núlifandi fólk.

Merking landamæra. Ábendingar komu fram um að kynna sér vel landamerki hjá þeim sem enn þekkja til, því að það gæti auðveldað eignaskipti

síðar meir.

Fyrirspurn um þjóðgarð Guðríður Þorvarðardóttir frá Náttúruvernd ríkisins sagði að það þyrfti samþykki landeigenda til að gera þjóðgarð. Hún upplýsti að verið væri að gera upplýsingabækling um friðlandið. Þorleifur Eiríksson frá Náttúrustofu Vestfjarða sér um gerð hans með aðstoð Sigurgeirs Sigurðssonar landfræðings. Guðríður vakti athygli á að nú væru sumir húsgrunnar orðnir 100 ára eða eldri og þar með orðnir þjóðminjar og því ekki leyfilegt að byggja á þeim lengur.

Fyrirspurn um greiðasölu. Hornstrandanevnd ber að fjalla um leyfisveitingar til greiðasölu.

Landvarsla töldu ýmsir að ætti helst að vera í höndum landeigenda sjálfra og menn töldu sig lítið verða vara við landvörð Náttúruverndar og að hann leitaði ekki eftir neinni samvinnu við landeigendur.

2. Sævar Geirsson lagði fram endurskoðaða ársreikninga

Fyrirspurn kom um hvers vegna svo mikið væri óinnheimt af félagsgjöldum og taldi Sævar það stafa af seinum vinnubrögðum þess banka sem hefði verið falið að innheimta gjöldin. Reikningsuppgjör fylgir með fundargerð.

Kaffi í boði félagsins. Gert var hlé á fundi og borið fram kaffi og jólakaka

3. Stjórnarkjör

Formaður Þorvarður Jónsson var endurkjörinn.

Stungið var upp á Erling Ásgeirssyni í stjórnina, Sævar Geirsson gjaldkeri dró sig til baka og Erling einróma samþykktur. Aðrir stjórnarmenn gáfu kost á sér áfram, en þeir eru Matthildur Guðmundsdóttir ritari, Sölvi Rúnar Sólbergsson og Magnús Reynir Guðmundsson meðstjórnendur. Þau voru samþykkt samhljóða.

Varamenn voru: Guðmundur Halldórsson, Jósef H. Vernharðsson og Ásta Ólafsdóttir. Þau voru endurkjörin samhljóða.

4. Kjör tveggja endurskoðenda og tveggja til vara

Uppástunga kom um að endurkjósa þau sem höfðu gegnt þessu síðast og voru þau einróma samþykkt. Endurskoðendur: Axel Sölvason og Rósa I Jónsdóttir.

Axel mæltist til þess að endurskoðendur væru nefndir skoðendur reikninga.
Varaskoðendur: Anna Ásgeirsdóttir og Jón Borgarsson

5. Ákvörðun um árgjald

Stjórnin stakk upp á að hækka árgjaldið úr kr. 600 - í kr. 800 -

Fram kom uppástunga um að árgjaldið yrði kr. 1000.- og var það smþykkt.

6. Önnur mál

Spurt var um lagabreytingar. Sigríður Gunnarsdóttir spurði um tillögur sem komu fram á síðasta aðalfundi, varðandi aðalfund árlega í stað annars hvers árs og endurskoðun á fleiri lögum því að þau væru orðin gömul.

Stjórninni hafði verið falið að annast tillögur um lagabreytingar, en var ekki sammála um þörf breytinga svo engar tillögur voru gerðar af hálfu stjórnar. Fram kom tillaga frá Jóni Frey um að komið væri upp nefnd til að endurskoða lögin. Tillaga kom frá Rósu Ingibjörgu Jónsdóttur um að Jón Freyr verði formaður nefndarinnar. Báðar tillögurnar voru samþykktar.

Félagar á Ísafirði. Endurskoða þarf réttindi félagsmanna á Ísafirði sem eiga þess lítinn kost að sækja aðalfund. Matthildur varpaði fram spurningu um hvort ekki mætti t.d. hafa varaformann í stjórninni sem væri búsettur á Ísafirði og gæti haldið fundi með þeim félögum sem búa þar. Eithvað þarf að gera til að fjölga félagsmönnum fyrir vestan og gefa þeim meiri hlutdeild í félagsmálum.

Fundi slitið kl. 23.15

Matthildur Guðmundsdóttir
fundarritari

Rekstursreikningur 1.1.1997 til 31.12.1998.

	<u>Giöld</u>	<u>Tekiur</u>
Félagsgjöld 115 félagsmanna.		138.000
Vaxtatekjur		4.468
Kostnaður vegna tékkareiknings	0	
Kostnaður vegna fundastarfssemi	38.068	
Ferðakostnaður til Ísafjarðar	48.490	
Tekjuafgangur	55.910	
	<u>142.468</u>	<u>142.468</u>

Efnahagsreikningur 31.12.1998.

	<u>Eignir</u>	<u>Skuldir</u>
Tékkareikningur í Lí Kópavogi	36	
Landsbanki Ísl. Kjörbók	96.239	
Ógreidd félagsgjöld	168.000	
Skuld við Sævar Geirsson		1.746
Höfuðstóll		206.619
Rekstrarafgangur		55.910
	<u>264.275</u>	<u>264.275</u>

Atalfundur LSG. 26. maí 1999

Nafn

1	Maana Olina Kristinsdóttir	frá Vornu.
2	Guðrún Elín Kristinsdóttir	frá Hornu.
3	Þjóðfína G. Þjóðfóttir	frá Látrum
4	Þejma Rósa Þjóðfóttir	frá Látrum
5	Ólafur Sigurðsson	frá Hálandi
6	Rósa Þórunn Þórunn	frá Hólmum
7	Þorbildur Gunnarsson	frá Hljóðstöð.
8	Margrét Sæla Ólafsdóttir	frá Efirriðuvík
9	Hilmar R. Ástveinsson	Efirriðuvík
10	Jón Bergsson	Heskeyri
11	Þjóðfína Þórunn Ólafsdóttir	Látrum
12	Þórunn Þórunn Ólafsdóttir	Hjótavík
13	Þórunn Þórunn Ólafsdóttir	Látrum
14	Þórunn Þórunn Ólafsdóttir	Heskeyri
15	Þórunn Þórunn Ólafsdóttir	— " —
16	Þórunn Þórunn Ólafsdóttir	— " —
17	Þórunn Þórunn Ólafsdóttir	Þórunn Ólafsdóttir
18	Þórunn Þórunn Ólafsdóttir	— " —
19	Þórunn Þórunn Ólafsdóttir	Heskeyri
20	Þórunn Þórunn Ólafsdóttir	Sléttur
21	Þórunn Þórunn Ólafsdóttir	SABÓL
22	Þórunn Þórunn Ólafsdóttir	SABÓL
23	Þórunn Þórunn Ólafsdóttir	Nátturvernd ríkisins
24	Þórunn Þórunn Ólafsdóttir	Sléttur
25	Þórunn Þórunn Ólafsdóttir	— " —

26	Johannes Páll Jónsson	Saból
27	Hesger Jónsson	- " -
28	Þorlákur Jón	Flyðlaug
29	Anna Júlíusdóttir	" -
30	Guðni Gunnarsson	"
31	Þósta Ólafsdóttir	Látrum Hálvík.
32	Sigríður Gunnarsdóttir	Látrar - " -
33	Halldóra Jónsson	- " -
34	Gulí Henningsson	Látrar
35	Margrét Auðgúst	- " -
36	Halldóra Guðmundsdóttir	
37	Halldóra Hannesdóttir	(Gjörðal Hálvík)
38	Magnús Guðmundsson	Saból
39	Þjórg Þ. Líquidandóttir	Hesteyri.
40	Jón Jónsson	"
41	Rósa Ingibjörg Jónsdóttir	"
42	Halldóra J. Lávarsdóttir	Stakkadal
43	Ingibjörg S. Guðmundsdóttir	Látrum
44	Axel Sölvason	Stakkadal.
45	Kristján Guðmundsson	Látrum
46	Sigríður Þórunnarsdóttir	Látrum
47	Ósgerður Sigríður Sigurðardóttir	Rekavík Hórnvík
48	Júlíus Halldórsson	- " -
49	Halldis Þjórsdóttir	- " -
50	Þimbjörgu H. Henningsson	Efri Miðvík.
51	Þórunn Þ. Þórunnarsdóttir	Látrum og Saból
52	Þórunn Þ. Þórunnarsdóttir	Látrum og Rekavík
53	Lína Guðmundsdóttir	Látrum og Rekavík þak Látrum

54	Sigrún Valgautsdóttir	Léturum
55	Þórunn Gunnar	Léturum
56	Jónfríður Þórarinnsson	Léturum
57	Þórunn Gunnarsson	Léturum og Miðmiki
58	Haraldur Þórarinnsson	
59	Lárus Gunnar	Rekavík og Gale víðum
60	Matthildur Guðmundsd.	Rekavík Léturum